



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND



***Sjálfsmatsskýrsla
Menntaskólans við Sund
skólaárið
2020-2021***

Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Listi yfir töflur og myndir	3
1 Inngangur	5
1.1 Sjálfsmatshópur MS	5
2 Almennar upplýsingar	6
2.1 Markmið	6
2.2 Nemendur	7
2.3 Starfsfólk	9
3 Markmið og aðgerðir 2020-2021	10
3.1 Mótun skólabrags	10
3.1.1 Félagslíf og foreldrasamstarf	10
3.1.2 Að móta nýjar hefðir	10
3.1.3 Lágt brotthvarf og hærra útskriftarlutfall	11
3.2 Þróun kennslufræði í tak við námskrá MS	13
3.3 Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun	13
3.3.1 Erlent samstarf skólaárið 2020-2021	14
3.3.2 Fagstjórn og verkefnisstjórn með tvítyngdum nemendum	16
3.4 Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur	16
3.4.1 Umhverfisvika	18
3.4.2 Stjórnsýsla	19
3.4.3 Rekstur skólans	20
4 Aðgerðaáætlun vegna ytra mats á skólastarfi	20
4.1.1 Stjórnun og skipulag:	20
4.1.2 Kennsluhættir:	20
4.1.3 Samskipti og líðan:	21
4.1.4 Húsnæði og aðbúnaður:	21
5 Kannanir	21
5.1 Nemendakönnun	22
5.2 Könnun á líðan nemenda í fjarnámi	23
5.3 Umræðufundur með nemendum	27
5.4 Starfsmannakönnun	27
6 Árangur nemenda	33
6.1 Námsárangur	33
6.2 Miðannarmat/stöðumat	34
6.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur	34
7 Sumarnám í MS	34
8 Lokaorð	36
9 Heimildir	37

Listi yfir töflur og myndir

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára.....	5
Mynd 2: Stúdentaútskrift vorið 2021	8
Mynd 3: Nemendur sem hættu í MS á skólaárinu	11
Mynd 4: Afdrif nemenda sem hættu í skólanum á skólaárinu 2020-2021	12
Mynd 5: Sigmar Þormar kennari við MS plantar trjám í reit skólans í Heiðmörk.....	17
Mynd 6: Karítas Sól Þórisdóttir, nemandi við skólann, hélt erindi um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslagsbreytingar	18
Mynd 7: Nemendur í umhverfisfræði voru með bása um tiltekin málefni viðsvegar um skólann	19
Mynd 8: Mat á því hvernig nemendum finnst þeir hafa náð að laga sig að nýjum að stæðum	23
Mynd 9: Námsálag.....	24
Mynd 10: Afstaða til fjarnáms og blanaðrar kennslu	24
Mynd 11: Námsaðstoð frá kennara	25
Mynd 12: Námsaðstoð heima.....	26
Mynd 13: Líðan í skólanum á Haustönn 2020	26
Mynd 14: Líðan í fjarnámi á Haustönn 2020	27
Mynd 15: Viðhorf starfsfólks áhrifa covid19 á eigin líðan í skólanum vorið 2021	28
Mynd 16: Aðlögun starfshátta vegna covid19 vor 2021.....	29
Mynd 17: Viðhorf kennara til notkunar á tæknilegum björgum vor 2021	29
Mynd 18; Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum.....	30
Mynd 19: Ánægja með vinnuaðstöðu. Samangurður vor 2019, 2020 og 2021.....	30
Mynd 20: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans árin 2018, 2019, 2020 og 2021	31
Mynd 21: Viðhorf til mótuneytis í skólanum	32
Mynd 22: Viðhorf kennara í MS til viðbragða stjórnenda við covid19.....	32

Tafla 1: Fjöldi nemenda haust, vetur og vor 2020-2021	7
Tafla 2: Skipting á námsbrautir haust 2020.....	7
Tafla 3: Skipting á námsbrautir vetur 2020-2021	7
Tafla 4: Skipting á námsbrautir vor 2021	8
Tafla 5: Útskriftir voru þrjár Skólaárið 2020-2021.....	8
Tafla 6: Útskriftarnemendur skólaársins 2020-2021 eftir kynjum.....	9
Tafla 7: Starfsfólk skólaárið 2020-2021	9
Tafla 8: Pátttaka í nemendakönnunum.....	22
Tafla 9: Niðurstöður nemendakannana skólaárið 2020-2021	22
Tafla 10: Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2020-2021	33
Tafla 11: Dreifing einkunna skólaárið 2020-2021	33
Tafla 12 : Samanburður á einkunnum nemenda vorið 2019, 2020 og 2021.....	33
Tafla 13: Samanburður á meðaleinkunn skólaárin 2018-2021	34
Tafla 14: Nemendur í Sumarskóla MS 2021	35

1 Inngangur

Árlega setur Menntaskólinn við Sund sér markmið í samræmi við stefnu sína og kynnir aðgerðaáætlun. Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum sjálfsmats og þróunarstarfs í MS með hliðsjón af markmiðum og aðgerðum MS 2020-2021.

Umbótaáætlun Menntaskólans við Sund (MS), nefnd aðgerðaáætlun hér á eftir, er sett fram í markmiðum og aðgerðum hvers skólaárs, kynnt á skólafundi í upphafi skólaársins og birt á heimasíðu skólans ([Markmið og aðgerðir 2020-2021](#)). Áætlunin er byggð á stefnu MS til þriggja ára, útkomu úr sjálfsmati fyrra skólaárs, þar á meðal niðurstöðum starfsmanna- og nemendakannana og samningum MS við samstarfsnefnd KÍ.

Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatsþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi og markmiðið er að nýta stofnanamenningu og mannaúð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.

	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021	Haustönn 2021	Vetrarönn 2021	Vorönn 2022	Haustönn 2022	Vetrarönn 2022	Vorönn 2023
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnun									
Eftirlit með brotthvarfi og mætingu									
Starfsmannaviðtöl rektors við nýja kennara									
Starfsmannakönnun									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsárangur nemenda									
Starfendarannsóknir									
Fundir sjálfsmatshóps með tenglum nemenda									
Rýnihópur nemenda um nám í MS									
Fundir stjórnenda og kennara faggreina									
Starfshópar um þróun skólstarfs									
Almenn þjónustukönnun									

MYND 1: TÍMAÁÆTLUN EINSTAKRA ÞÁTTA Í SJÁLFSMATSÁÆTLUN MS TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Sé litið til tímaáætlunar til þriggja ára (mynd 1) er skemmst frá því að segja að skólanum tókst að fylgja flestum þáttum. Þjónustukönnun sem fyrirhuguð var á vetrarönn 2020 var þó frestað. Vegna samkomutakmarkana starfaði rýnihópur nemenda um nýja námskrá ekki á skólaárinu og fundum stjórnenda og kennara fagdeilda um sama málefni var frestað af sömu ástæðu.

1.1 Sjálfsmatshópur MS

Skólaárið 2020-2021 var Þórunn Steindórsdóttir, kennari í félagsfræði, verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skólans stýrir sjálfsmatsvinnunni en hann skipa verkefnisstjóri, konrektor, fulltrúi kennara/starfsmanna, 2 fulltrúar nemenda og fulltrúi forráðamanna. Vegna skólalokunar á tímum Covid19 tókst að þessu sinni ekki að halda forráðamanni inni í hópnum. Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um starf hópsins. Skólaárið 2020-2021 sátu eftirfarandi í sjálfsmatshópi MS: Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor, Þórunn Steindórsdóttir, sjálfsmatsstjóri, Sólveig Þórðardóttir, þýskukennari sem fulltrúi kennar og Dögg Árnadóttir

sem fulltrúi þjónustusviðs. Börkur Porri og Tinna Ramdani voru fulltrúar nemenda. Enginn fulltrúi foreldra í sjálfsmatshópnum skólaári 2020-2021.

Hópurinn hélt alls sex fundi á skólaárinu 2020-2021, tvo á haustönn 2020, einn á vetrarönn 2020-2021 og þrjá á vorönn 2021. Skólaárið 2020-2021 var markmiðs- og aðgerðaáætlun um sjálfsmat með svipuðum hætti og árið áður. Áætlunin skiptist í árleg verkefni og ný verkefni. Árleg verkefni eru:

- Matshópur starfi áfram með 2 fulltrúum starfsmanna, 2 fulltrúum nemenda, auk sjálfsmatsstjóra og konrektors.
- Setja fram sjálfsmatsáætlun 2020-2023.
- Vinna sjálfsmatsskýrslu 2020-2021.
- Halda fund með tenglum nemenda.
- Próa áfram starfendarannsóknir og fá nýja kennara með.
- Starfsmannaviðtöl rektors með nýjum starfsmönnum.
- Kennslukönnun í lok hveggja annar.
- Starfsmannakönnun vor 2021.
- Mat á stjórnendum vor 2021.
- Taka saman gögn um námsárangur í lok hveggja annar.

Ný verkefni í aðgerðaáætlun 2020-2021:

- Unnið var að umbóta- og aðgerðaáætlun vegna niðurstöðu úr ytra mati á skólstarfi frá haustönn 2019.
- Unnið var að undirbúningi þjónustukönnunar.

[Sjálfsmatsstefnu MS er að finna á heimasíðu skólans](#)

2 Almennar upplýsingar

2.1 Markmið

Frá skólaárinu 2015-2016 hefur Menntaskólinn við Sund boðið upp á möguleika á þriggja ára stúdentsprófi samkvæmt nýrri námskrá skólans. Skólaárið 2016-2017 var bekkjarkerfið lagt niður og námið skipulagt á þremur önnum yfir skólaárið. Nemendur geta valið á milli tveggja námsbrauta, félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar. Innan hvorrar brautar geta nemendur valið um tvær námslínur. Innan félagsfræðabrautar eru það félagsfræði og saga eða hagfræði og stærðfræði og innan náttúrufræðibrautar eru námslínurnar líffræði og efnafræði eða eðlisfræði og stærðfræði. Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum er lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu er haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda. Mikil áhersla er lögð á verkefnabundið og samvinnutengt nám og unnið út frá kenningum um að byggja upp námskraft nemenda (BLP). Kennarar eru hvattir til fjöl- og nýbreytni í náms- og kennsluháttum og að taka þátt í þróunarstarfi (sjá kafla 3.2 og 3.3).

Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu í skólasamfélagi sem einkennist af virðingu, trausti og hlýju á milli kennara og nemenda. Grunnildir skólans eru virðing,

jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Námið á að stuðla að þroska einstaklingsins, styrkja hann og veita honum góðan undirbúning til frekara náms. Námið þarf að fela í sér þjálfun á vinnubrögðum, gagnrýna hugsun og hvatningu til sköpunar. Skólinn einsetur sér að vinna í samræmi við menntastefnu hvers tíma og vera leiðandi á sviði náms, námsaðferða og námsmats. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu MS: <https://msund.is/>

2.2 Nemendur

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hveðrar annar, þ.e. tíu kennsludögum eftir að kennsla hefst.

TAFLA 1: FJÖLDI NEMENDA HAUST, VETUR OG VOR 2020-2021

	Haust 2020	Vetur 2020-21	Vor 2021
Allir	715	695	685
Piltar	353	339	329
Stúlkur	362	356	356

TAFLA 2: SKIPTING Á NÁMSBRAUTIR HAUST 2020

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	122		116		238
2. námsár	39	93	33	63	228
3. námsár	41	71	29	67	208
4. námsár	8	17	3	7	35
5. námsár	3			3	6
				Samtals	715

TAFLA 3: SKIPTING Á NÁMSBRAUTIR VETUR 2020-2021

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	52	81	46	59	238
2. námsár	39	94	34	62	229
3. námsár	39	68	30	65	202
4. námsár	6	12	4	4	26
5. námsár					
				Samtals	695

TAFLA 4: SKIPTING Á NÁMSBRAUTIR VOR 2021

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	57	84	43	63	247
2. námsár	39	91	33	61	224
3. námsár	39	70	29	64	202
4. námsár	4	4	2	2	12
				Samtals	685

Meðalaldur nemenda við skólann á skólaárinu 2020-2021 var 17,38 miðað við 1. mars 2021.

TAFLA 5: ÚTSKRIFTIR VORU ÞRJÁR SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
28.11.2120	5	6	1	6	18
06.03.2021	3	8	2	2	15
29.05.2021	22	61	30	56	169
				Alls brautskráningar á skólaárinu:	202



MYND 2: STÚDENTAÚTSKRIFT VORIÐ 2021

Mynd: Hafsteinn Óskarsson 2021

TAFLA 6: ÚTSKRIFTARNEMENDUR SKÓLAÁRSINS 2020-2021 EFTIR KYNJUM

Útskrift:	Drengir	Stúlkur	Alls
28.11.2120	9	9	18
06.03.2021	12	3	15
29.05.2021	73	96	169
Samtals	94	108	202

2.3 Starfsfólk

TAFLA 7: STARFSFÓLK SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

	Haust 2020	Vetur 2020-21	Vor 2021
Kennarar	61	62	61
Þjónustusvið	14	14	14
Námsorlof	1	0	0
Fæðingarorlof	2	2	4
Veikindaleyfi	1	2	2
Leyfi	0	0	0
Samtals	77	78	79

Meðalfjöldi starfsmanna skólaárið 2020-2021, 78 þar af voru starfandi kennarar 61, stjórnendur 4 og starfsmenn á þjónustusviði 14 en 2 þeirra teljast einnig til kennara. Þrír kennarar voru í veikindaleyfi hluta af skólaárinu og sex í fæðingarorlofi, einn allt skólaárið en hinir eina önn hvor. Á þjónustusviði voru rúmlega 13 stöðugildi sem sjö karlar og sjö konur sinntu. Þau skiptast þannig: fjórir stjórnendur, tveir námsráðgjafar, einn bókasafnsfræðingur, einn fjármálastjóri, tveir á skrifstofu, tveir tölvuumsjónarmenn í einni stöðu, einn umsjónarmaður húsnæðis og einn aðstoðarmaður. Stjórnendum fækkaði tímabundið um einn á vorönn 2021 og félagsmálastjóri bættist við á þjónustusviði.

Þeir sem sinntu kennslu í skólanum voru 62 þegar mest var, þar af 24 karlmenn og 38 konur sem er fjölgun karlkennara frá fyrra ári. Fullgild kennsluréttindi höfðu allir. Sex kennarar hafa lokið doktorsprófi, 41 MA- eða MS-prófi og 15 hafa lokið BA-prófi.

Fjórir starfshópar voru starfandi innan MS á skólaárinu auk lögbundinna nefnda, skólanefndar og skólaráðs. Sjálfsmatshópur, starfendarannsóknarhópur, umhverfisnefnd og öryggisnefnd. Hópana skipa alltaf fulltrúar starfsfólks og í sumum þeirra eru einnig fulltrúar nemenda og forráðamanna og eru hóparnir flestir undir stjórn verkefnisstjóra. Að auki störfuðu verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum, þ.e. mætingarstjóri, verkefnastjóri um þróunar- og nýbreytnistarf, hirðmeistari útskriftar, verkefnastjóri um erlent samstarf, verkefnastjóri með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku og verkefnisstjóri með Námsnetinu. Auk þess var einn forvarnarfulltrúi og félagsmálafulltrúi. Á vorönn var sú nýjung tekin upp að í stað félagsmálafulltrúa úr hópi kennara var ráðinn félagsmálastjóri frá Hinu húsinu í hlutastarf.

3 Markmið og aðgerðir 2020-2021

Ár hvert setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem nánar er tilgreint hvaða markmiðum skuli stefnt að á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Markmið og aðgerðir byggja á innra mati fyrra skólaárs. Skólaárið 2020 til 2021 var unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Mótun skólabrags
2. Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS
3. Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun
4. Nám í MS
5. Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur

3.1 Mótun skólabrags

Til þess að móta skólabrag sem er hvetjandi fyrir ungmenni og nám nemenda vinnur skólinn markvisst að því að byggja upp og bæta félagslíf nemenda og auka samstarf heimila og skóla. Sem þátt í mótun skólabrags hefur skólinn einnig unnið að því að bæta umsjón með nemendum, styrkt fagstjórn í skólanum og unnið eftir aðgerðaáætlun gegn brotthvarfi.

3.1.1 Félagslíf og foreldrasamstarf

Það sem hingað til hefur verið talið hefðbundið félagslíf eins og leiklistarfélag, söngkeppni, kór og þátttaka í „Gettu betur“ hefur verið á undanhaldi í MS undanfarin ár. Eftir að bekkjarkerfið rann sitt skeið og nám til stúdentsprófs var stytta í þrjú ár hefur gætt ákveðinnar hnignunar í fjölbreytileika í félagslífi nemenda. Samhliða hefur námshraði aukist og tíminn sem nemendur hafa til þess að sinna félagsstörfum minnkað. Nemendur hafa minni tíma til þess að prófa sig áfram í skipulagningu félagsstarfs og verða leiðtogar meðal jafningja. Að auki má segja að þrátt fyrir miklar tilraunir nemenda til þess að halda lífi í félagslífinu á skólaárinu hafi sóttvarnarreglur nánast gert það að engu. Fyrir upphaf lokaannar skólaársins leitaði skólinn eftir samstarfi við Hitt húsið til að auðga og efla félagslíf nemenda. Nú hefur verið ráðinn tólmstundafræðingur sem félagsmálastjóri í hlutastarf í MS.

Foreldrasamstarf við skólann hefur verið eflt undanfarin ár og greiða langflestir forráðamenn valkvæða greiðslu til foreldrafélagsins. Foreldraráði var mjög umhugað um nám, kennslu og félagslíf nemenda í faraldrinum og var í miklum samskiptum við kennslustjóra. Foreldrar halda aðalfund og fræðslufund einu sinni á ári, styrkja edrúpottinn, sinna foreldragæslu á dansleikjum skólans og eiga fulltrúa í sjálfsmatshópi skólans og í skólanefnd. Nokkrir forráðamenn hafa að eigin frumkvæði í nánú samstarfi við stjórnendur og nemendafélagið komið með tillögur að því hvernig megi rjúfa félagslega einangrun nemenda en samkvæmt rannsókn sem þessir forráðamenn gerðu veturinn 2019-2020 telja um 15% nemenda sig vera félagslega einangraða í skólanum.

3.1.2 Að móta nýjar hefðir

Í MS er enn unnið að því að móta nýjar hefðir í tengslum við þriggja anna kerfið. Umsjón með nemendum hefur verið lítil þar sem ekki hefur verið til fjármagn til þess að greiða sérstaklega fyrir hana. Umsjón með nemendum er fyrst og fremst sinnt af stjórnendum og


námsráðgjöfum auk þess sem kennarar hafa haldið allt að sex umsjónarfundi á ári þar sem þeir miðla upplýsingum frá stjórnendum um áfangaval, reglur og þjónustu í skólanum fyrir valdaga og í upphafi anna. Fyrirkomulagið hefur mælst misvel meðal kennara og forráðamenn óska eftir meiri umsjón fyrir fyrsta árs nema. Á skólaárinu 2020-2021 fór hluti umsjónarfunda fram með rafrænum hætti og nokkuð góð reynsla er komin á rafrænt val nemenda í gegnum Forms í Office 365. Val nemenda í MS er ekki bundið við hverja önn sem auðveldar skipulag hvers skólaárs fyrir sig. Áfram verður unnið að því að þróa kerfi sem veitir nemendum og skólanum góða [yfirsýn fyrir námsferil og námsval nemenda](#).

3.1.3 Lágt brotthvarf og hærra útskriftarlutfall

Það er markmið í MS að hækka útskriftarlutfall árganga í skólanum. Samkvæmt þriggja ára áætlun er markmiðið að hækka útskriftarlutfallið úr 60% eftir þriggja ára nám eins og það var vorið 2018 í 73% árið 2020 og 75% árið 2022. Skemmst er frá því að segja að haustið 2017 hóf 191 nemandi í árgangi 2001 nám í skólanum. Á vetrarönn 2019-2020 var útskrifaður einn nemandi úr þessum hópi og aðrir 136 vorið 2020. Útskriftarlutfall árgangs 2001 úr MS eftir 3. ára nám er því 71%. Vorið 2021 var útskriftarlutfall þessa árgangs orðið 83% og getur farið í 84% þegar síðustu fulltrúar þessa árgangs útskrifast haustið 2021. Vorið 2021 var útskriftarlutfall nemenda fæddir 2002 72% eftir þriggja ára skólagöngu.

Á skólaárinu 2020 -2021 var áfram unnið eftir aðgerðaáætlun gegn brotthvarfi. Í aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi kemur fram verklag skólans í þessum efnum og hvernig kennarar með kennsluháttum og viðhorfi geta komið til móts við nemendur og eftl námskraft þeirra (Anna Sigurðardóttir, 2017). Teymi um nemendamál í skólanum sinnir þessum málum. Kennslustjóri leiðir ferlið í samráði við mætingastjóra og námsráðgjafa en á tímabilinu var verklagið aðlagað að nýjum aðstæðum í tengslum við Covid heimsfaraldurinn.

Á haustönn 2020 var tekin sú stefna að halda lista yfir þá nemendur sem kennarar töldu vera í hættu á brotthvarfi eða að missa úr námi og halda sérstaklega utan um þann hóp. Ekki verður séð að nemendur hafi hrökklast marktækt meira úr námi á tímabilinu þrátt fyrir krefjandi aðstæður en vissulega glímdu nokkrir við erfiðleika og létu á sjá námslega. Námsráðgjafar fóru í sérstakt átak og hringdu í alla nýnema um miðja haustönn 2020 til að tryggja aðgengi þeirra að skólanum á tíma þar sem einangrun og einsemd var áhyggjuefni.




MYND 3: NEMENDUR SEM HÆTTU Í MS Á SKÓLAÁRINU

Skólinn fór af stað með verkefnið „skólavinir“ sem var hugsað þannig að sérvalinn hópur nemenda yrði fenginn til að bjóðast til að hringja í þá sem óskuðu eftir símtali. Rauði krossinn sýndi verkefninu áhuga og var tilbúinn til samstarfs en því miður reyndust persónuverndarviðmið vera of íþyngjandi til að slíkt verkefni teldist raunhæft.

54% þeirra 65 nemendum sem hættu í skólanum á tímabilinu (voru 67 árið á undan) eru nemendur á 1.-2. námsári. Eldri nemendur, fæddir 2002 og fyrr eru aðeins 28% hópsins. Því ber þó að halda til haga að langflestir af þessum nemendum fluttu sig innan skólakerfisins sem verður að teljast eðlilegt, svo nemendur hverju sinni stundi nám í skóla sem hentar þeim. Brottfallsnemendum fer fækkandi með hækkingu útskriftarhlutfalli sem hækkar ár frá ári. Í skólanum eru á haustönn 2021 skráðir 34 eldri nemendur og er stefnt að því að útskrifa um 25 af þeim á skólaárinu þótt reynslan sé því miður sú að einhverjir í þeim hópi muni ekki ná markmiðum sínum. Markmið skólans er að sýna stuðning og hvatningu og reyna að koma hverjum og einum áleiðis í námi. Í einhverjum tilfellum felur sú viðleitni það í sér að leiðbeina nemendum varðandi aðra möguleika í námi, sérstaklega þeim sem orðnir eru 20 ára eða eldri.

Það er mjög jákvætt hve fast nemendur halda í skólavistina og mikill meirihluti þeirra skilar sér á endanum á beinu brautina. Til marks um þetta má nefna að skólinn hefur síðustu annir



MYND 4: AFDRIF NEMENDA SEM HÆTTU Í SKÓLANUM Á SKÓLAÁRINU 2020-2021

útskrifað fjölmarga nemendur sem áttu erfitt námslega en héldu sér inni í skólanum og sýndu seiglu þar til að eitthvað gerðist og þau náðu á ný fótfestu í náminu. Lítil breyting hefur orðið á brotthvarfi í MS frá þeim góða árangri sem skólinn hefur náð undanfarin ár þrátt yfir fordæmalausar aðstæður í skólakerfinu.

Störf mætingastjóra hafa tekið mið af breyttum aðstæðum en sem fyrr gerir mætingarstjóri uppgjör á skólasókn þrisvar á hverri önn. Mætingarstjóri leggur áherslu á að senda hróspósta gegnum Innu til þeirra sem mæta vel og aðstoðar kennslustjóra við að hringja í þá nemendur sem á þurfa halda og hvetja þá til dáða. Ekki er hægt að segja annað en að nemendur hafi sýnt mikla getu og vilja til að standa sig þrátt fyrir frekar niðurdrepandi aðstæður síðan í mars 2020. Ekki er að svo stöddu hægt að leggja mat á hverjar langtíma afleiðingar Covid19 verði í þessum efnunum.

Auk umfangsmikils mætingareftirlits fer fram miðannarmat í hverjum áfanga um miðja önn. Konrektor tekur matið saman og biður fagstjóra í hverri deild að ræða niðurstöðurnar við samstarfsfólk sitt og greina hvort ástæða væri til að endurskoða verklag í viðkomandi fagdeild. Með miðannarmati má greina hvaða nemendur eru í vandræðum námslega og þar með í aukinni brotthvarfshættu. Skólinn fer yfir gögn um miðannarmat og hefur samband við þá nemendur sem koma illa út. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsmat í tveimur greinum eða fleiri er bent á að leita til námsráðgjafa.

3.2 Þróun kennslufræði í tak við námskrá MS

Stefna skólans í námi og kennslu er að efla námskraft nemenda (e. learning power), gera þá að sjálfstæðum námsmönnum með það að markmiði að minnka brotthvarf frá námi og fjölga þeim sem klára stúdentspróf við skólann. Annars vegar tengist þessi stefna Hvítbók menntamálaráðherra frá 2014 og hinsvegar hugmyndafræði Guy Claxton (Guy, 2006) um (LPA) „Building learning power Approach“ sem skólinn starfar eftir. Hugmyndafræðin birtist helst í náms- og kennsluáðferðum við skólann sem ganga út á að nota fjölbreyttar aðferðir.

Á tímum heimsfaraldurs hefur MS gripið til ýmissa aðferða til að viðhalda námskrafti nemenda. Í septembermánuði varð gerð tilraun með blandaða kennsluhætti þar sem helmingur hvers námshóps var heima við tölvuna en hinn helmingurinn í skólanum. Þetta fyrirkomulag bar með sér aukið álag á kennara og því var fyrirkomulagið fljótt lagt af. Eftir að öll bókleg kennsla og íþróttir voru færð yfir í fjarnám var haldið námskeið fyrir kennara um hvernig nýta mætti gagnvirk öpp til þess að auka fjölbreytileika kennsluáðferða í fjarkennslu. Í desember fór fram fundur/námskeið um leiðsagnarnám í framhaldsskólum og í janúar 2021 kynnti kennari úr FMOS hvernig hún nýtti sér náms- og kennsluáðferðir leiðsagnarnáms til þess að gera námsmat einfaldara og skilvirkara en jafnframt skýrara fyrir nemendur.

3.3 Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun

Á fjarfundum kennara og stjórnenda var skipst á reynslu, þekkingu og skoðunum um fjarkennsluna og kennarar fengu nýjar hugmyndir og stuðning hver frá öðrum. Mikið var gert til þess að virkja nemendur og halda þeim við námið. Á sama tíma og kennarar þurftu að halda nemendum við námið var einnig gerð krafa um ákveðinn sveigjanleika gangvart nemendum, ekki síst vegna ólíkra fjölskylduáðstæðna og aðgangs að tækni. Haldnir voru sex fræðslufundir, átta starfendarannsóknarfundir, fjórir kennarar úr ólíkum fagdeildum sóttu námskeið Menntavísindasviðs og KÍ sem kallaðist „Framhaldsskólakennarinn á krossgötum“. Alls hittust yfir 100 framhaldsskólakennarar í netheimum sex sinnum frá áramótum. Hópurinn úr MS hélt í kjölfarið Menntabúðir fyrir samstarfsfólk sitt á starfsdögum að vori.

Tuttugu og fimm kennarar og tveir stjórnendur við MS tóku þátt í starfendarannsóknum veturinn 2020-2021. Ytri ráðgjafi hópsins var Guðrún Ragnarsdóttir, lektor við Menntavísindasvið HÍ. Það var töluverð gróska í starfinu í vetur og náði hópurinn að funda alls átta sinnum. Starfið var að miklu leyti á formi fjarfunda nema í byrjun og í lokin voru staðfundir við mikinn fögnuð þátttakenda. Það var ánægjulegt hvað þátttakan var góð og komu nýir kennarar öflugir inn í starfið. Verkefnisstjóri taldi það til bóta að hópurinn fékk oftast úthlutaða fundartíma á miðvikudögum sem er fastur fundartími í skólanum og taldi

Það hafa haft áhrif á fundarsókn. Vettvangurinn er mikilvægur fyrir kennara og stjórnendur til þess að setja fram rannsóknarhugmyndir sínar, fá ráð hjá öðrum og ræða saman um kennsluna og áskoranir tengdar henni. Fjallað var um spurningatækni í kennslu, verklegar æfingar nemenda í raungreinum á fjarkennslutíma, rannsókn á fjármálalæsi nemenda, nemendakynningar og námsmat og margt fleira. Að lokum kynnti Guðrún Ragnarsdóttir fyrstu niðurstöður rannsóknar sinnar á áhrifum COVID á starfið í framhaldsskólunum.

Kennarar í MS geta sótt um þróunarstyrki til skólans tvisvar á ári. Samstarfsnefnd starfsmanna í KÍ og stjórnenda fer yfir umsóknirnar. Að þessu sinni veitti skólinn bæði þróunarstyrki til kennara sem unnu að samþættingu markmiða í námskrá og verkefna í áföngum í samræmi við þróunarverkefnið „Nám í MS“ en einnig til kennara sem voru að þróa kennslaðferðir í fjarkennslunni.

Á skólaárinu stóð til að halda tvo vinnudaga „Nám í MS“ þar sem allir starfsmenn færu út úr húsi og ynnu saman að því að bæta skólastarfið. Skemmst er frá því að segja að það var ekki gert vegna álags á bæði kennara og stjórnendur við að halda skólastarfinu gangandi við óvenjulegar aðstæður.

3.3.1 Erlent samstarf skólaárið 2020-2021

Í október 2020 var sótt um aðild að Erasmus+ 2021-2027 og fékkst jákvætt svar við þeirri umsókn. Verkefnisstjóri um erlent samstarf Hjördís Þorgeirsdóttir og



skólastjórnendur byrjuðu á að ræða saman um þær þarfir og áskoranir sem skólinn stendur frammi fyrir núna. Síðan var vinnuhópur kallaður saman til að ræða um hvaða markmið ætti að setja út frá eftirfarandi þáttum þ.e. kennslufræði, fjarkennslu, umhverfismálum, brotthvarfi, þjónustu við nemendur, starfsþróun og stjórnun. Vinnuhópurinn var skipaður konrektor, kennslustjóra, fjármálastjóra, umhverfisfræðikennara og verkefnisstjórum um erlent samstarf, sjálfsmat, þróunar og nýbreytnistarf, starfendarannsóknir og Grænfánaverkefnið. Hópurinn ræddi málín á tveimur samtalsfundum sem haldnir voru á Teams og stóðu yfir í klukkatíma hvor fundur. Allir lásu skjalið með markmiðunum yfir og komu með ýmsar ábendingar. Einnig fengu allir fagstjórar tækifæri til að fara yfir markmiðin og koma með ábendingar. Skólastjórnendur fóru að lokum yfir markmiðsskjalið og samþykktu endanlegu útgáfuna. Eftirfarandi tíu markmið voru sett til að vinna að í Erasmus+ verkefnum frá 2021-2027:

- Efla hæfni kennara til að innleiða fjölbreyttar námsmatsaðferðir með áherslu á leiðsagnarnám og mat á hæfni nemenda.
- Auka hæfni alls starfsfólks til að skapa menningu sem stuðlar að því að byggja upp námskraft nemenda með áherslu á virkni og sjálfræði nemenda á námi sínu.
- Auka hæfni kennara til að innleiða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnunám og skapandi nám nemenda.
- Efla hæfni kennara í upplýsingatækni með áherslu á nýtingu fjölbreyttra forrita í fjarkennslu.
- Efla hæfni kennara í að búa til rafrænt námsefni og rafræn verkefni fyrir nemendur.

- Auka vísindalega þekkingu og skilning kennara á sjálfbærni, umhverfismálum og umhverfisvernd og efla hæfni þeirra til að fá nemendur til að aðlaga lífsstíl sinn grænum eða sjálfbærari lífsstíl og efla umhverfisvernd í MS.
- Auka hæfni starfsfólks til að finna og innleiða leiðir til að halda brotthvarfi nemenda áfram lágu.
- Efla hæfni kennara og starfsfólks á þjónustusviði í virkri hlustun og finna leiðir til að stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda innan og utan kennslustofunnar.
- Efla þekkingu og skilning kennara og annars starfsfólks á aðferðafræði starfendarannsókna og auka möguleika þeirra á að skapa tengsl í Evrópu við starfsfólk skóla sem stunda starfendarannsóknir.
- Finna leiðir til að byggja upp jákvæðan skólabrag, búa til nýtt umsjónarkerfi og bæta móttöku nýnema í nýju þriggja anna kerfi.

World Education Summit. MS tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu á netinu, World Education Summit frá 22. til 25. mars 2021. Skólinn keypti aðgang fyrir 30 kennara með styrktarfé frá Erasmus+ og hafa allir aðgang að hluta erindanna á næsta skólaári. Markmiðið er að nýta einhver erindi fyrir fræðslufundi starfsfólks á næsta skólaári. Þátttakendur komu frá langflestum deildum skólans. Einnig var skipulagt hópáhorf í Bjarmalandi (fyrirlestrarsal skólans) frá kl. 12:00 og 15:00 ráðstefnudagana. Þó var hætt við hópáhorf síðasta daginn vegna COVID19.



Undirbúningshópurinn fyrir ráðstefnuna í MS skipuðu konrektor og verkefnisstjórar með erlendu samstarfi, starfendarannsóknum og þróunar- og nýbreytnistarfi. Ráðstefnan var skipulögð af Osiris Educational á Englandi en aðalfræðimaðurinn var John Hattie frá Ástralíu sem er hugmyndafræðingur Visible Learning. Yfir 300 fyrirlesarar komu fram og margir heimsfrægir menntunarfræðingar voru meðal þeirra t.d. Dylan Wiliam, Shirley Clarke, Guy Claxton, Mikael Fullan, Andy Hargreaves og Pasi Sahlberg. Dagskrá ráðstefnunnar stóð frá 8 á morgnana til 8 á kvöldin og var skipulögð út frá 10 sviðum.

Umsóknir. MS sendi inn umsókn um Erasmus+ verkefni, Starfsþróun til að efla faglega starfsþróun kennara sem stendur frá september 2021 til nóvember 2022. Sótt var um fjórar námsferðir fyrir 8 kennara og tvær heimsóknir erlendra sérfræðinga og fékk jákvæðar móttökur. Þessi umsókn byggir á aðild að Erasmus+ 2021-2027. Þetta verður nánar kynnt á starfsdegi haustið 2021 og þá verður auglýst eftir þátttakendum í þær námsferðir sem og námsferðir í verkefninu frá 2020-2021.

Sóttum um styrk frá EEA Norway Grants fyrir samstarfsverkefni við framhaldsskóla í Póllandi, PZS Ledziny „Implementing inclusive policy to boost students' engagement in social and physical activities”. Frumkvæðið kom frá þeim og okkar þátttaka felst í því að taka á móti hópi fimm kennara frá PZS Ledziny í eina viku í apríl 2022 og kynna fyrir þeim starfsemi MS með fræðslu- og umræðufundum og heimsóknum í kennslustundir. Markmiðið er að finna leiðir til að auka hreyfingu og félagslega virka þátttöku nemenda í starfsemi skólans bæði í námi og félagsstarfi.

Nordplus samstarfsverkefnið Vinir um vatnið með skólum í Færeyjum, Danmörku og Svíþjóð heldur áfram á haustönn 2021 undir forystu Lóu Steinunnar



Kristjánsdóttur. Tilgangur verkefnisins er að auka áhuga á norrænu samstarfi með notkun norrænna tungumála og fjalla um norræna menningu. Stefnt er að því að halda ráðstefnu með kennurum frá öllum þátttökuskólunum í raunheimum í MS miðvikudaginn 22. september 2021.

3.3.2 Fagstjórn og verkefnisstjórn með tvítyngdum nemendum

Fagstjórar í MS eru átta. Stjórnendur funda með fagstjórum að minnsta kosti einu sinni í mánuði: við upphaf hvernar annar, eftir miðnarmat og fyrir lok hvernar annar.

Heimsfaraldur Covid19 gerði leiðtogahlutverk fagstjóra enn mikilvægara en áður, til dæmis við útgáfu nýrra reglugerða um sóttvarnir og hvernig best væri að breyta verkferlum og bæta í heimsfaraldri. Einnig var það hlutverk fagstjóra að halda góðum tengslum við almenna kennara ekki síst á meðan fjarkennsla fór fram og flestir voru heima hjá sér.

Verkefnisstjóri með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku sinnir stöðugt fjölmennari hópi nemenda. Haldinn er fundur með nemendum við upphaf hvernar annar, þeir skrá sig hjá verkefnisstjóra og nemendur og forráðamenn fá tilboð um móttökuviðtal. Þrjár kynningarfundir voru haldnir fyrir forráðamenn þar sem hlutverk verkefnisstjóra var kynnt og höfðu þó nokkrir samband eftir fundina. Nokkur fjöldi nemenda óskaði eftir því að fara í stöðupróf. Vegna heimsfaraldursins og sóttvarnarreglna hefur stöðuprófum víða verið frestað en í febrúar voru haldin stöðupróf í spænsku og dönsku í MS og voru fagaðilar innanhússfólk. Í apríl voru haldin stöðupróf í hollensku, portúgölsku og serbnesku og í maí voru haldin stöðupróf í tveimur hollum í albönsku þar sem töluverður fjöldi nemenda annars staðar frá mættu. Mesti tími verkefnisstjóra fer í að reyna að fá upplýsingar frá öðrum skólum um matsaðila, safna nöfnum yfir matsaðila á einn stað og aðstoða nemendur við að fá þekkingu sína í erlendum tungumálum metna. Starf verkefnisstjóra var kynnt betur fyrir fagstjórum og öðrum kennurum skólans þetta skólaárið með það að markmiði að ná betur til markhópsins. Verkefnisstjóri óskar eftir meiri umræðu um stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku í skólanum og bendir á mikilvægi þess að koma upp námsaðstoð í íslensku fyrir þá. (Nína Rúna Kvaran, 2020).

3.4 Umhverfismál, stjórnýsla og rekstur

Stefnt er að því á sérhverjum tíma að nýta sem best húsnæði, fjárframlög og þann mannauð sem Menntaskólinn við Sund hefur yfir að ráða. Umhverfismál eru hátt skrifuð í skólanum og er það markmið skólans að auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna.



Fimmta græna skrefið í ríkisrekstri náðist í febrúar 2020, unnið var áfram að bættri umgengni meðal nemenda og nemendur uppfræddir um mikilvægi þess að flokka rusl sitt í skólanum. Skólinn varð þátttakandi í grænfánaverkefninu í október 2020. Skólinn færir grænt bókhald og hefur gert það síðan 2015. Grænt bókhald er fært mánaðarlega og skilað inn árlega. Umtalsvert hefur sparast með minni orkunotkun, hækkuðu hlutfalli

endurnýjanlegs sorps og samdrætti í pappírnotkun. Frá árinu 2016-2017 hefur notkun á rafmagni og heitu vatni dregist umtalsvert saman en hitunarkostnaður jókst þegar nemendur voru ekki í skólanum, þrátt fyrir að lækkað væri í ofnum þar sem hægt var.



MYND 5: SIGMAR ÞORMAR KENNARI VIÐ MS PLANTAR TRJÁM Í REIT SKÓLANS Í HEIÐMÖRK

Starfsmenn eru hvattir til þess að nota vistvænan ferðamáta á ferðum sínum um borgina. Haustið 2019 var sett upp hleðslustöð fyrir rafbíla fyrir nemendur og starfsmenn skólans. Nú getur almenningur einnig hlaðið við skólann eftir lok hans á daginn og um helgar. Skólinn á tvö reiðhjól þar sem annað hjólið er rafknúið og eru hjólin fyrir starfsfólk til afnota á vinnutíma. Umsjónarmaður fasteigna fer flestra sinna ferða á þessum hjólum. Búningsklefar og sturtur eru fyrir starfsfólk og yfirbyggt hjólaskýli með rafmagnstenglum.

3.4.1 Umhverfisvika

Umhverfisteymi, skipað kennurum í umhverfisfræði, einum kennara úr hverri fagdeild ásamt nemendum í umhverfisnefnd sá um skipulag umhverfisviku. Nefndin hittist reglulega yfir skólaárið til að skipuleggja umhverfisstarfið þessa viku. Auk þess tóku nemendur í umhverfisfræði virkan þátt í skipulagi og framkvæmd umhverfisviku. Meðan á vikunni stóð var sjálfbærni og umhverfismál rauður þráður í flestu sem fram fór innan skólans með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar og aðgerðir í loftslagsmálum. Auk þess var mikil áhersla lögð á valdeflingu og aðgerðir. Ákveðið var að skipta vikunni í fjóra þemadaga auk inngangsdags. Mánudagurinn var því kynningardagur á því sem fram myndi fara í vikunni, á þriðjudeginum var þemað Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, á miðvikudeginum var þemað neysla, á fimmtudeginum orka og samgöngur og á föstudeginum lífsgæði og forréttindi.



MYND 6: KARÍTAS SÓL ÞÓRISDÓTTIR, NEMANDI VIÐ SKÓLANN, HÉLT ERINDI UM HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA OG LOFTSLAGSBREYTINGAR

Á miðvikudeginum fór fram sameiginleg dagskrá sem streymt var í allar stofur. Á dagskrá voru nokkur erindi auk þess sem myndbönd frá nemendum í umhverfisfræði voru sýnd. Sævar Helgi Bragason, umhverfis- og vísindamiðlari, hóf dagskrá með áhrifaríku erindi um loftslagsmál og þau áhrif sem hvert og eitt okkar getur haft. Í kjölfarið flutti Gunnhildur Friða Hallgrímsdóttir, loftslagsaktivisti, erindi um valdeflingu ungs fólks í umhverfismálum. Karítas Sól Þórisdóttir, nemandi við Menntaskólann við Sund, tók þá við og fjallaði um loftslagsbreytingar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Á milli erinda voru flutt myndbönd sem nemendur í umhverfisfræði unnu.

Alla vikuna voru nemendur umhverfisfræði með fræðslubása um tiltekin málefni sem tengdust þeimum hvers dags. Básarnir voru af margvíslegum toga, til dæmis bakaði einn hópurinn tvær kökur, aðra vegan og hina með dýrafurðum og gáfu gestum og gangandi að smakka til að kanna hvort bragðmunur væri á, einn hópur gerði bækling um loftslagsmál sem dreift var, aðrir voru með PowerPoint kynningar meðal annars með niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir í tengslum við vikuna.



MYND 7: NEMENDUR Í UMHVERFISFRÆÐI VORU MEÐ BÁSA UM TILTEKIN MÁLEFNI VIÐSVEGAR UM SKÓLANN

Meðan á vikunni stóð unnu kennarar verkefni með nemendum í sínum fögum sem tengdust ofantöldum málefnum með einhverjum hætti. Mælt var til þess að gerð væru verkefni sem hægt væri að miðla með einhverjum hætti og voru valin verkefni birt á [vefsíðu umhverfisvikunnar](#). Nemendur unnu verkefni af ýmsum toga svo sem myndbönd, hlaðvörp, blaðgreinar og fleira. Myndböndum og hlaðvörpum sem nemendur höfðu útbúið og tengdust þeim hvers dags var jafnframt miðlað á göngum skólans alla vikuna. Hluti þessara verkefna var sendur í keppnina Ungt umhverfisfréttafólk sem Landvernd stendur fyrir.

Í vikunni fór fram fataskiptamarkaður í anddyri skólans þar sem nemendur og starfsfólk gátu komið með flíkur og tekið flíkur að vild. Veganmatur var í boði í mötuneyti skólans og var afar vinsæll að sögn matráðs. Einnig voru nemendur og starfsfólk hvött til að koma með umhverfisvænni hætti í og úr skóla. Engin formleg könnun var gerð á því hvernig til tókst en óvenjumörg hjól voru þó við hjólaskýli alla vikuna.

Alls kyns upplýsingar um þemun voru á upplýsingaskjám víðs vegar um skólann meðan á vikunni stóð, auk þess voru veggspjöld með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálanum og dagskrá vikunnar hengd upp á áberandi stöðum á víð og dreif um skólann.

Mikil vakning hefur átt sér stað í umhverfismálum í samfélaginu og finnum við fyrir því innan Menntaskólans við Sund. Kennarar og nemendur tóku þátt í vikunni með því að taka sjálfbærni og umhverfismál fyrir þessa viku í flestum fögum. Nemendur, kennarar og annað starfsfólk var upp til hópa mjög jákvætt og þótti kærkomið að fá uppbrot af þessu tagi inn í skólastarfið eftir erfiðan vetur sem litaðist að stórum hluta af Covid-19. Stefnt er að því að umhverfisvikan verði árlegur viðburður í skólanum framvegis.

3.4.2 Stjórnsýsla

Í skólanum er verið að vinna að innleiðingu jafnlaunastaðals. Samningur hefur verið gerður við Versavottun um vottun á jafnlaunakerfi og er tímasett aðgerðaráætlun þannig að forúttekt fari fram í byrjun desember og skólinn fari í gegnum vottunarferli í kjölfarið og hljóti vottun.

3.4.3 Rekstur skólans

Skólaárið 2020-2021 var framboð áfanga gott en vegna Covid19 var ákveðið að hafa færri nemendur í hverri stofu svo hópanýting var ekki eins og best hefði verið á kosið. Nemendafjöldi var svipaður og fyrra ár og eftir sem áður er mikið aðhald í rekstri skólans og augljóst að reiknilíkan MRN hentar Menntaskólanum við Sund, námskrá skólans og aldurssamsetningu starfsmanna afar illa. Auk þessa hefur skólinn ítrekað glímt við áföll og veikindi meðal starfsmanna undanfarin ár. [Sjá Ársskýrslu Menntaskólans við Sund, 2020.](#)

Rekstur skólans rekstrarárið 2020 gekk vel. Og var það mikill léttir fyrir stjórnendur að fá auka fjárveitingu sem samsvaraði uppsöfnuðum rekstrarhalla skólans undanfarinn áratug. Eftir fyrsta ársfjórðung kom þó strax í ljós að vænta mætti töluverðs halla á rekstrarárinu 2021. Mestur er munur á launakostnaði, meðal annars vegna lakari hópanýtingar en einnig koma inn í þetta, langtíma veikindi, andlát og hækkun á ræstingakostnaði auk eldri skuldar við ræstingafyrirtækið Daga. Það er ljóst að rekstrarmódel skólans er viðkvæmt og um leið og hlutfall kennara á aldurstengdum kennsluafslætti hækkar, hækkar launarkostnaður. Kennsluskipting 2021-2022 felur í sér nokkra fækkun hópa og umtalsvert betri nýtingu í hópum, t.d. er fækkun hópa á haustönn 2021 um 9% á milli ára og stefnt er að hagstæðari samningum um prentþjónustu eftir útboð. Langtíma markmið er að fækka einingum til stúdentsprófs um fimm og ef það tekst vel gæti það fækkað stöðugildum kennara við skólann um eitt.

4 Aðgerðaáætlun vegna ytra mats á skólastarfi

Skýrsla um ytra mat á skólastarfi í MS var gefin út í febrúar 2020. Strax vorið 2020 voru gerð drög að umbótaáætlun. Haustið 2020 var áfram unnið með umbótaáætlunina og að lokum var hópur kennara fenginn til þess að rýna áætlunina og setja fram sínar hugmyndir. Í febrúar 2021 var [aðgerðaáætlun vegna ytra mats á skólastarfi skilað til MRN.](#)

4.1.1 Stjórnun og skipulag:

Samkvæmt umbótaáætlun er sumum verkefnum lokið á meðan önnur eru á góðri leið. Kennarafundir hafa verið endurskoðaðir, þeim fjölgað og aukin fræðsla verið flutt af sérstökum fræðslufundum inn á fundina svo fræðslan nái til fleiri. Á skólaárinu 2021-2022 mun fara fram SVÓT greining á einstaka þáttum í skólastarfinu. Fundir eru skipulagðir með reglulegum hætti einu sinni í mánuði. Skerpt hefur verið á upplýsingaflæði frá skólanum til nemenda og forráðamanna, fyrst með miðvikudagspóstum á tímum samkomutakmarkana og fréttabréfum í vefútgáfu og haustið 2021 með vikulegum eða hálfsmánaðarlegum fréttabréfum. Á tímum skólalokana gættu stjórnendur að því að heyra frá öllum starfsmönnum og hafa samband við þá kennara sem ekki höfðu samband af fyrra bragði.

4.1.2 Kennsluhættir:

Í ytra mati á skólastarfi kemur fram að skólinn þyrfti að fylgja því betur eftir að allir kennarar nýti fjölbreyttar kennsluáferðir. Þetta er ákveðin áskorun fyrir stjórnendur þar sem kennsla er persónubundið starf og kennarar hafa skiptar skoðanir á því hvað telst til góðra og fjölbreyttra kennsluhátta. Aukin samhæfing í notkunn upplýsingatækni hefur þegar skilað sér með aukinni notkun á námskerfi skólans Námsnetinu auk þess sem skólinn hefur

markað sér stefnu hvaða varðar notkunn upplýsingatækni í kennslu. Í dag er notast við möguleika Office 365 og Námsnetið. Í ljósi fjárhagsstöðu hefur skólinn ekki séð sér fært að útfæra forfallakennslu eins og lagt er til í niðurstöðum úr ytra mati og er það fyrst og fremst vegna fjárhagslegra áskorana. Nú er búið að skrá allar bækur í hillum bókasafnsins í landskerfi bókasafna Gegni, verið er að skrá það sem er til í geymslum, en ekki hefur verið sett fram ný stefna um bókasafn og upplýsingamiðstöð skólans.

4.1.3 Samskipti og líðan:

Í Covid19 jókst samstarf foreldraráðs og stjórnenda skólans. Fundum milli aðila var fjölgað og forráðamenn aðstoðuðu nemendur við framkvæmd félagslífs við samkomutakmarkanir. Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum var uppfærð vorið 2020 og stendur til að uppfæra hana á ný haustið 2021. Eitt af markmiðum hennar er að vinna að jafnari kynjaskiptingu í forystuhópi nemendafélagsins. Á vorönn 2021 var ráðinn tómtundafræðingur sem félagsmálastjóri í hlutastarf við skólann. Kennslustjóri vinnur náíð með félagsmálastjóra við að aðstoða nemendur við uppbyggingu félagslífs eftir Covid 19. Ekki hefur verið enn skoðað hvernig nemendum vegnar að loknu námi í MS en sú athugun er meðal þess sem er á aðgerðaáætlun skólaárins 2021-2022.

4.1.4 Húsnæði og aðbúnaður:

Það mælist nokkur óánægja er með mötuneyti skólans. Nokkrir kennarar hafa gert athugasemd við að þurfa að fara í röð með nemendum, samnýta mötuneyti með þeim og ganga með matinn sinn upp á efri hæð til þess að neyta hans. Aðrir hafa gert athugasemdir við einsleitt vöruúrval. Ákvörðun um þetta fyrirkomulag var tekin áður en hafist var handa við að byggja við og ákveðið var að hafa ekki eldhús á kaffistofu starfsmanna. Aðgengi að þráðlausu neti hefur verið bætt á allflestum stöðum í skólanum og verður verkefninu lokið á haustdögum 2021. Stórfelldar endurbætur hafa verið gerðar á þökum nýbygginga í skólanum. Einnig er búið að gera við rakaskemmdir þar sem lekið hafði inn í skólann af þökum hússins. Á haustdögum 2021 óskaði skólinn eftir mælingum á loftgæðum í Þrísteyni.

Í ytra mati á skólastarfi er mælt til þess að skólinn ætti að fylgja betur eftir nemendum sem ljúka námi við skólann. Vel hefur tekist að hækka útskriftarhlutfall úr skólanum og enn er verið að finna bestu aðferðirnar við að festa nýtt skipulag námsanna í sessi, bæði út frá nemendum og kennurum.

Á heildina litið er það mat skólans að ytra mat á skólastarfi hafi komið vel út og þær úrbætur sem fara fram í kjölfarið hafi verið viðbúnað og margar hverjar þegar á góðri leið þegar aðgerðaáætlun var skilað inn.

5 Kannanir

Til þess að meta nám og kennslu, þjónustu í skólanum, starfshætti og starfsskilyrði eru lagðar kannanir bæði fyrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra. Einnig er haldinn að minnsta kosti einn rýnifundur á ári með nemendum.

5.1 Nemendakönnun

Nemendakannanir eru lagðar fyrir alla nemendur í lok hverrar annar. Spurningalisti fyrir nemendakönnun var endurskoðaður í takt við skólastarf á tímum Covid19. Venjulega er gengið út frá því að sami listi sé lagður fyrir allan veturinn og helst í nokkur ár í röð. Vegna stöðugra breytinga á kennsluháttum var spurningalistanum breytt á hverri önn skólaárið 2020-2021. Í ljósi þessa er ekki hægt að gera samanburð á heildarniðurstöðum á milli anna. Á haustönn 2020 var einnig lögð fyrir aukakönnun sem snéri mest að líðan nemenda í fjarkennslu. Hugmyndabanki er alltaf opinn á Námsnetinu. Þar hafa nemendur kost á að koma hugmyndum sínum og afstöðu til skólastarfsins á framfæri. Athugasemdir sem þangað koma tengjast yfirleitt húsnæðismálum og félagslífi frekar en kennurum og kennsluháttum.

TAFLA 8: ÞÁTTTAKA Í NEMENDAKÖNNUNUM

Kannanir	Svarhlutfall
Haustönn 2020	49%
Vetrarönn 2020	53%
Vorönn 2021	61%
Líðan í Covid haust 2020*	46%

*könnun send sem hlekkur í tölvupósti og svarhlutfall því mun minna en í venjulegum könnunum sem fara fram í gegnum Námsnetið, námskerfi skólans.

Hér fyrir neðan er búið að taka saman spurningar sem voru sameiginlegar á milli anna:

TAFLA 9: NIÐURSTÖÐUR NEMENDAKANNANA SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

	Haust	Vetur	Vor
Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með námsefnið í áfanganum?	3,9	3,79	3,91
Hve ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með fjölbreytni í verkefnavinnu í áfanganum?	3,8	3,85	3,94
Það er hæfilegur fjöldi prófa í áfanganum	4,2	4,14	4,26
Það er næg áhersla á einstaklingsvinnu í áfanganum	4,4	4,34	4,36
Það er næg áhersla á hópavinnu í áfanganum.	3,5	3,78	4,09
Kennarinn er duglegur að útskýra svör við spurningum þannig að allir skilja.	4	3,92	4,05
Hversu mikillar virkni er krafist af þér í kennslustundum í skólanum í námsáfanganum?	4	4,05	4,09
Hversu mikillar virkni er krafist af þér í kennslustundum á Teams í námsáfanganum?	3,8	3,84	
Hversu vel eða illa hefur þér liðið í áfanganum?	3,9	3,84	3,95
Hversu mikið eða lítið notar kennarinn Námsnetið til að setja inn efni tengt áfanganum?	3,9	3,78	3,77
Hversu gott eða slæmt er upplýsingaflæðið frá kennaranum í áfanganum?	3,9	3,91	3,97
Hversu mikið eða lítið notaði kennarinn Teams til samskipta við nemendur?		2,99	2,96
Hversu vel eða illa hefur kennara tekist að halda uppi kennslu í	4,1	4,17	4,19


	Haust	Vetur	Vor
staðkennslu?			
Hversu vel eða illa hefur kennara tekist að halda uppi kennslu í fjarkennslu?		4,07	
Hversu vel eða illa hefur þér gengið að takast á við námið í þessum áfanga?	3,7	4,17	3,91
Meðaltal nemendakönnunar	3,93	3,91	3,96

Mikið hefur verið rætt í skólanum hvernig megi auka þátttöku nemenda í könnunum á vegum skólans og er það einn liði á aðgerðaráætlun eftir ytra mat á skólastarfi haustið 2019. Undanfarin ár hafa 50-60% nemenda tekið þátt í nemendakönnunum á vegum skólans sem er að mati stjórnenda of lítið. Fyrirhugað er að gera tilraun til þess draga úr potti þátttakenda og veita verðlaun fyrir þátttöku.

Niðurstöður hvers kennara eftir námshópum og samanburður við árgang og heildina eru opnar á Námsnetinu fyrir hvern kennara eftir annarlok. Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaráætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannviðtölum rektors við kennara.


5.2 Könnun á líðan nemenda í fjarnámi

Fyrir lok haustannar 2021 var könnun um líðan og gengi nemenda á tímum mikilla samkomutakmarkana lögð fyrir alla nemendur skólans. 329 af rúmlega 700 nemendum skólans tóku þátt í könnuninni og svarhlutfall því um 47%. 62% þátttakenda eru stúlkur.




MYND 8: MAT Á ÞVÍ HVERNIG NEMENDUM FINNST ÞEIR Hafa NÁÐ AÐ LAGA SIG AÐ NÝJUM AÐ STÆÐUM

Helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni áttu auðvelt með að aðlagast nýju námsumhverfi, um þrjátíu prósent var mitt á milli en um 20% átti erfitt með að aðlagast aðstæðum. Þetta hlutfall rímar vel við þann fjölda nemenda sem nemendaverndarteymi skólans fylgdist náið með á þessum tíma.




MYND 9: NÁMSÁLAG

Almennt voru nemendur sammála því að mikið álag fylgdi því að stunda fjarnám við þær aðstæður sem voru í boði.




MYND 10: AFSTAÐA TIL FJARNÁMS OG BLANÐRAR KENNSLU

Örlítið fleiri stúlkum fannst betra að vera í hreinu fjarnámi en blöndu af fjar- og staðnámi. Þriðjungur fleiri strákum þótti betra að vera í blöndu af fjar- og staðnámi.




MYND 11: NÁMSAÐSTOÐ FRÁ KENNARA

Flestir nemendur fengu góða þjónustu hjá sínum kennurum. 30% nemenda gátu fengið aðstoð við nám í öllum áföngum heima fyrir og 56% nemenda gátu fengið aðstoð við námið í sumum námsgreinum, 5% nemenda gátu ekki fengið neina hjálp heima fyrir.



MYND 12: NÁMSAÐSTOÐ HEIMA


Hvernig leið þér í skólanum áður en námið fór að mestu yfir í fjarnám?



MYND 13: LÍÐAN Í SKÓLANUM Á HAUSTÖNN 2020

87% drengja og 85% stúlkna leið vel í skólanum áður en nám fluttist í netheima. Rúmum 10% leið frekar illa en aðeins stúlkur svöruðu því að þeim liði mjög illa.

Hvernig hefur þér liðið í skólanum eftir að námið fór að mestu yfir í fjarnám?



MYND 14: Líðan í FJARNÁMI Á HAUSTÖNN 2020

Nemendur áttu misauðvelt með að aðlagast kennsluáðstæðum á tímum Covid19. Niðurstöður sýna að mun fleiri drengjum leið illa í fjarnámi en stúlkum og olli það áhyggjum hjá stjórnendum. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar fyrir starfsmönnum skólans og notaðar til þess að bæta líðan nemenda og draga úr áhyggjum nemenda með því að samræma verkefnafyrirlagnir kennara og einfalda skilaboð og draga þannig úr óöryggi nemenda og álagi. Eins var fjarfundum samkvæmt stundaskrá fækkað til þess að auka sveigjanleika í námi fyrir nemendur auk þess sem skilafrestur verkefna var lengdur og gerður sveigjanlegri.

5.3 Umræðufundur með nemendum

Til þess að fá frekari upplýsingar um skólastarfið, skólabraginn og félagslíf nemenda var boðað til fundar með fulltrúum nemenda. Sjálfsmatshópurinn setti fram dagskrá fundarins, en nemendum var frjálst að koma sínum hugðarefnum að. Fundurinn var haldinn 25. febrúar við upphaf vorannar en hafði verið áætlaður á vetrarönn. Að þessu sinni var umræðan helguð aðgerðum til að endurvekja félagslíf nemenda sem hefur að mestu legið niðri vegna heimsfaraldursins. Á fundinum kom fram að nemendum liði almennt vel í skólanum og voru ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum en söknuðu þess að geta ekki haldið böll. Eftir fundinn voru ábendingar nemenda notaðar til þess að gera tilraun til þess að bæta félagslíf nemenda.

5.4 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun er lögð fyrir á Námsnetinu í lok vorannar, alls 21 spurning, þar af 11 spurningar fyrir alla starfsmenn og 10 spurningar eingöngu fyrir kennara. Spurt var m.a um

líðan, viðhorf til samstarfs og starfsanda, fartölvuvæðingu kennara, upplýsingastreymi frá stjórnendum og viðbrögðum þeirra við Covid19.

Alls tóku 49 af 65 starfsmönnum eða um 60% starfsmanna þátt í könnuninni. Hlutfall þeirra sem tók þátt dróst saman um fimm prósentustig á milli ára. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skólafundi við upphaf haustannar 2021.


82% starfsmanna í MS líður vel í vinnunni vorið 2021, á sama tíma árið 2020 var hlutfallið 80% en 92% vorið 2019. Covid19 hefur haft mikil áhrif á starfsánægju kennara í skólanum og hefur þeim sem þess óska verið boðið að fá samtal hjá sálfræðingi sér að kostnaðarlausu.



MYND 15: VIÐHORF STARFSFÓLKS ÁHRIFA COVID19 Á EIGIN LÍÐAN Í SKÓLANUM VORIÐ 2021


Allir nema einn sem svöruðu könnuninni voru þeirrar skoðunar að samstarfsfólkið væri jákvætt og hvetjandi. Hlutfallið var 87% vorið 2020 en 94% fyrir Covid vorið 2019. Heilt yfir hefur starfsánægja í MS aukist jafnt og þétt undanfarin ár þrátt fyrir að dala aðeins vorið 2020.

Kennarar töldu sig almennt hafa átt auðvelt með að laga starf sitt og kennslu að aðstæðum á tímum faraldurs Covid19. Það er ekkert í námsframvindu og einkunnum nemenda sem bendir í aðra átt.




MYND 16: AÐLÖGUN STARFSHÁTTA VEGNA COVID19 VOR 2021

Á tímum Covid19 voru gerðar ýmsar tilraunir með rafræna kennsluhætti í gegnum mismunandi forrit, Office 365 og með rafrænum prófum og vinnubókum. Stór hluti þeirra kennara sem tóku þátt í könnuninni geta hugsað sér að nýta áfram rafræn próf, rafrænar vinnubækur og þá möguleika sem Teams hefur uppá að bjóða í staðkennslunni.




MYND 17: VIÐHORF KENNARA TIL NOTKUNAR Á TÆKNILEGUM BJÖRGUM VOR 2021

Starfsandi í skólanum er almennt góður þó hann geti verið breytilegur eftir deildum. Þar sem kennarar ná vel saman er líklegt að starfsandinn sé góður. Minni ánægja er með faglegt samstarf í deildum skólaárið 2020-2021 en árið áður. Skoða þarf hvað veldur. Skólaárið 2021-2022 munu ýmis verkferlar í skólanum verða skýrðir frekar og þar á meðal hlutverk og verklag fagstjóra.



MYND 18; VIÐHORF KENNARA TIL FAGLEGS SAMSTARFS Í DEILDUM




MYND 19: ÁNÆGJA MEÐ VINNUÁÐSTÖÐU. SAMANGURÐUR VOR 2019, 2020 OG 2021


Ánægja með vinnuáðstöðu hefur minnkað undanfarin skólaár. Ekki hafa verið gerða neinar breytingar á húsnæði skólans á þessum tíma, né aðstöðu kennara aðrar en þær að á meðan á fjarkennslus stóð kusu margir kennarar að kenna að heiman í stað þess að kenna úr

kennslustofum í skólanum. Fartölvuvæðing kennara hófst haustið 2020. Samtímis voru borðtölvur teknar úr kennslustofum og tengikvír settar í staðin. Þessar kvíjar hafa stundum staðið á sér og skapað tæknilegt óöryggi sem getur skýrt þessar breytingar á ánægju með vinnuaðstöðu.

Flæði upplýsinga er gott í skólanum og jókst ánægja með upplýsingaflæði milli ára. Vorið 2020 var 81% starfsmanna, sem tóku þátt í könnuninni, ánægur með upplýsingastreymi á mót 89% starfsmanna árið áður. Vorið 2021 var 92% starfsmanna ánægður með upplýsingaflæði frá stjórnendum. Hvernig upplýsingar komast til skila hefur aldrei verið mikilvægar en á tímum samkomutakmarkana. Sífellt er unnið að bættu upplýsingaflæði til starfsmanna og nemenda. Fundargerð allra stjórnendafunda hefur verið rituð síðan 2014 og send öllum starfsmönnum. Fyrirverandi rektor sendi reglulega frá sér hugleiðingar um vinnuvikuna og dagskrá vikunnar er gefin út af skrifstofu skólans. Á öllum starfsmannafundum, kennarafundum og fagstjórafundum er rituð fundargerð og send öllum starfsmönnum auk þess sem fundargerðir fagfunda berast stjórnendum. Þegar mikilvægar dagsetningar eru framundan gefur konrektor út mánaðardagatöl sem eru hengd upp á kaffistofu starfsmanna og auk þess send í tölvupósti.




MYND 20: VIÐHORF KENNARA Í MS TIL UPPLÝSINGASTREYMIS INNAN SKÓLANS ÁRIN 2018, 2019, 2020 OG 2021



MYND 21: VIÐHORF TIL MÖTUNEYTIS Í SKÓLANUM

Óánægja með matinn í mötuneyti skólans hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Er það á stefnuskrá stjórnenda að vinna með rekstraraðilum mötuneytis að bættu framboði og gæðum fyrir starfsmenn og nemendur.



MYND 22: VIÐHORF KENNARA Í MS TIL VIÐBRAGÐA STJÓRNENDA VIÐ COVID19.

Þegar starfsmannakönnun er lögð fyrir að vori eru starfsmenn einnig beðnir um að meta störf stjórnenda. Stjórnendur í MS eru jafnan fjórir en voru þrír við lok skólaárs 2021. Rektorsskipti fóru fram um miðjan mars og tók konrektor við starfi rektors og nýr konrektor tók ekki við fyrr en þann 1. ágúst. Vegna þessa var að þessu sinni ekki spurt um störf

konrektors. Úr hverri könnun um störf stjórnenda er reiknað meðaltal niðurstaðna og er meðaltalið vorið 2021 á bilinu 4,1 til 4,4 en var árið áður á bilinu 3,98 til 4,53. Starfsmenn skólans eru almennt á þeirri skoðun að stjórnendur treysti þeim í starfi, meti vinnuframlag þeirra að verðleikum og komi vel fram við sig. Stjórnendur ræða niðurstöður könnunarinnar sín á milli og finna leiðir til úrbóta þar sem þess er þörf. Það er misjafnt eftir starfsvettvangi stjórnenda hvaða úrbóta er þörf. Rektor fær lægstu einkunn fyrir þekkingu á kennsluháttum kennara og aðhald í rekstri. Kennslustjóri fær lægst skor fyrir hvatningu til umræðu og skoðanaskipta og námsbrauta- og námskrárstjóri fyrir sýnileika í skólastarfinu og samráð við annað starfsfólk. Á heildina litið eru einkunnir stjórnenda vel ásættanlegar.

6 Árangur nemenda

6.1 Námsárangur

Heildarmeðaltal einkunnna skólaárið 2020-2021 var 6,79 sem er í samræmi við meðaltöl síðustu skólaára. Skólaárið 2017-2018 það 6,5. Einkunnir hafa haldist svipaðar undanfarin ár sem mögulega má rekja til þess nemendahóps sem fær skólavist á ári hverju.

TAFLA 10: MEÐALEINKUNN NEMENDA SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

Meðaleinkunn nemenda	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021
Drengir	6,56	6,37	6,4
Stúlkur	7,26	7,11	7,0
Allir	6,92	6,75	6,7

TAFLA 11: DREIFING EINKUNNA SKÓLAÁRIÐ 2020-2021

Meðaleinkunn nemenda:	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021	Alls
Einkunn 1-4	7%	7%	8%	7,33%
Einkunn 5-7	51%	56%	55%	54,33%
Einkunn 8-10	42%	36%	37%	38,33%

Skólaárið 2018-2019 lækkaði hlutfall þeirra sem féllu í áföngum úr 10% í 7,33% og hefur haldist eins síðan.

TAFLA 12 : SAMABURÐUR Á EINKUNNUM NEMENDA VORIÐ 2019, 2020 OG 2021

Einkunn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Alls
Vor 2019	90	25	33	71	391	628	682	660	438	106	3125
	3%	1%	1%	2%	13%	20%	22%	21%	14%	3%	
Vor 2020	87	51	65	68	423	620	724	726	464	67	3295
	3%	2%	2%	2%	13%	19%	22%	22%	14%	2%	
Vor 2021	84	47	61	82	468	668	776	800	410	75	3471
	2%	1%	2%	2%	13%	19%	22%	23%	12%	2%	

Vegna Covid19 fór mestur hluti náms á vorönn 2020 fram í fjarkennslu eða um 80%. Því er áhugavert að bera saman einkunnir nemenda á þessum önnum á milli ára. Ekki er hægt að greina marktækan mun á einkunnum nemenda á milli þessara anna.

TAFLA 13: SAMANBURÐUR Á MEÐALEINKUNN SKÓLAÁRIN 2018-2021

Skólaárið	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021
Haustönn	6,7	6,81	6,9	6,9
Vetrarönn	6,5	6,7	6,7	6,8
Vorönn	6,3	6,8	6,7	6,7

6.2 Miðannarmat/stöðumat

Um miðja haust-, vetrar- og vorönn skólaárið 2020-2021 mátu kennarar stöðu allra nemenda. Niðurstaða miðannarmatsins birtist nemendum og forráðamönnum í Innu og er matinu ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar. Skólinn sendir forráðamönnum upplýsingar um að miðannarmatið hafi farið fram, hvar það birtist í Innu og hvetur þá til að fara yfir það með börnum sínum. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsárangur í tveimur greinum eða fleiri er bent á að leita til námsráðgjafa. Í áföngum þar sem hátt hlutfall nemenda sýnir óviðunandi námsárangur um miðja önn eru kennarar beðnir um fara sérstaklega ofan í kjölinn á niðurstöðum og greina konrektor frá niðurstöðum sínum.

6.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur

Í lok hverrar annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal og dreifing) um námsárangur nemenda í skólanum í heild og í hverjum námsáfangi. Þessar niðurstöður eru ræddar á fagstjórafundum í upphafi nýrrar annar og á fagfundum í kjölfarið. Yfirlit yfir einkunnadreifingu í áföngum er sent til allra kennara.

7 Sumarnám í MS

Menntaskólinn við Sund hélt úti sumarnámi fyrir nemendur skólans í júní 2021. Kenndir voru átta áfangar og nemendur fengu sérstakt boð um þátttöku miðað við stöðu þeirra í námi. Alls þáðu 88 nemendur þau 90 pláss sem voru í boði sumarið 2021, 43 stelpur og 45 strákar.

Sumarskólinn stóð yfir í fjórar vikur með staðkennslu tvo morgna í viku í 80 mínútur í senn. Þess á milli unnu nemendur sjálfstæð verkefni og voru kennarar til taks í gegnum Teams og tölvupóst. Með þessu fyrirkomulagi gátu nemendur sem höfðu sumarvinnu sinnt henni á öðrum tímum. Nokkrir nemendur óskuðu eftir að taka tvo áfanga á sumarönn og gátu gert það í samráði við kennara.

Alls sinntu átta kennarar kennslu í sumarskólanum og verkefnisstjórn var í höndum eins kennaranna. Kenndir voru eftirfarandi áfangar: ENSK3AE05, HAGF1PR05, ÍSLE2FB05, ÍSLE2LR05, ÍSLE3HB05, ÍPRÓ1AA01, STÆR2HS05, STÆR2HV05.

Af 88 nemendum sem hófu nám á sumarönn luku 58% eða 51 nemandi námi. Þar af voru 22 strákar (48,9% stráka sem hófu nám) og 29 stelpur (67,4% stelpna sem hófu nám). Nánari upplýsingar um fjölda nemenda í einstaka áföngum má sjá hér á eftir:

TAFLA 14: NEMENDUR Í SUMARSKÓLA MS 2021

Áfangi:	Innritun		Áfanga lokið		Loknar einingar
	KVK	KK	KVK	KK	
ENSK3AE05	5	7	4	5	180
HAGF1PR05	4	6	3	2	25
ÍSLE2FB05	3	3	3	2	25
ÍSLE3LR05	3	5	1	3	20
ÍSLE3HB05	2	11	1	5	30
ÍPRÓ1AA01	12	11	8	4	12
STÆR2HS05	8	1	5	1	30
STÆR2HV056	6	1	4	0	20
Samtals	43	45	29	22	
Samtals	88		51		342

Nemendur í sumarnámi voru flestir að ljúka 1. eða 2. námsári. Nemendahópurinn var fjölbreyttur og samanstóð af nemendum sem höfðu fallið í áföngum, nemendum sem vantaði ákveðna undanfara til að halda áfram í námi, nemendum sem komu úr öðrum skólum og áttu eftir að ljúka skylduáföngum og svo framvegis. Afföll í sumarskólanum voru meiri en gengur og gerist á hefðbundinni önn enda um mjög fjölbreyttan hóp nemenda að ræða og enn er sumarnám nýtt af nálinni í skólanum. Sumir nemendur gáfust upp á miðri leið en nokkrir náðu ekki á lokasprettinum. Áhugi á sumarnáminu var þó töluverður og voru nemendur sem hefðu gjarnan vilja taka fleiri áfanga á hærri hæfniprepum til að komast áfram í námi eða flýta fyrir útskrift.

Þetta var í annað sinn sem MS bauð upp á sumarnám fyrir sína nemendur. Margir nutu góðs af og getur skólinn vel hugsað sér að bjóða upp á slíkt aftur að ári.

8 Lokaorð

Sjálfsmat er tæki til skólabróunar og í Menntaskólanum við Sund leggjum við áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir með virkri þátttöku starfsfólks og nemenda í matsferlinu. Sjálfsmatið er að mestu leyti í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Að þessu sinni var könnunum breytt til þess að laga þær betur að breyttum aðstæðum vegna Covid19. Eins var lögð fyrir auka könnun til þess að kanna aðstæður og líðan nemenda þegar skólinn var nánast lokaður fyrir nemendum.

Þrátt fyrir óvenjulegt skólaár náði skólinn sínum helstu markmiðum í að bæta kennsluhætti, stuðla að skilvirkni og gera námið eins aðgengilegt og hægt var á tímum Covid 19.

Starfsmannafélag skólans var iðíð við að halda fjarskemmtanir með uppistandi, bingói og spurningakeppnum svo eitthvað sé nefnt og námssamfélag og starfendarannsóknir starfsmanna héldu sínu striki með notkun fjarfundarbúnaðar og reyndust mikilvægari enn nokkru sinni fyrr. Mikil orka starfsmanna fór í að framkvæma hluti á annan hátt en vant er og gætti töluverðrar þreytu meðal kennara við lok skólaárs. Umhverfisvika í lok apríl var kærkomin uppákoma og var mikið líf í skólanum þá daga.

Sjálfsmatshópur, nemendur, forráðamenn og starfsmenn MS, sem tóku þátt í mati á skólaárinu 2020 til 2021 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 21. október 2020

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund



Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor

9 Heimildir

Aðgerðaáætlun um sjálfsmat 2020-2021. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [Menntaskólinn við Sund \(msund.is\)](http://www.msund.is)

Anna Sigurðardóttir (2017). Innleiðing aðgerða gegn brotthvarfi nemenda frá Menntaskólanum við Sund skólaárið 2016-2017. Sótt af á heimsíðu menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/fraedsluefni/skyrslur>

Brynja Gunnlaugsdóttir (2020) Skýrsla verkefnisstjóra um starfsþróun kennara skólaárið 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Claxton, Guy. (2006). Expanding the capacity to learn a new end for education. Sótt af: <https://www.researchgate.net/publication/242098099>

Claxton, G. and Powell, G. (2019) Powering Up Students. The Learning Power Approach in High School Teaching. Wales: Crown House Publishing.

Claxton, G. (2018) The Learning Power Approach. Carmarthen: Crown House Publishing Limited

Hafþór Guðjónsson. (2013). Action research in Iceland: glimpses and reflections. Í McNiff, J. (ritstjóri) Value and Virtue in Practice-Based Research. Bls. 43-53. J. Dorset: September Books.

Helga Sigríður Þórsdóttir (2021): Ársskýrsla Menntaskólans við Sund 2020. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [3f363yu1aa_rssk_rsla_MS_2020_til_MRN.pdf \(msund.is\)](http://www.msund.is/3f363yu1aa_rssk_rsla_MS_2020_til_MRN.pdf)

Hjördís Alda Hreiðarsdóttir(2021). Skýrsla um sértækt sumarnám í Menntaskólanum við Sund sumarið 2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir (2021). Ársskýrsla um erlent samstarfs í Menntaskólanum við Sund skólaárið 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2018) The Change Room promotes teachers' agency to change their practice. Educational Action Research. <http://dx.doi.org/10.1080/09650792.2018.1436080>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2016). Investigating the use of Action Research and Activity Theory to Promote the Professional Development of Teachers in Iceland. Doctorial thesis from University of Iceland and University of Exeter. <http://hdl.handle.net/1946/23886>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2020). Starfendarannsókn um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Rannsóknarskýrsla um rannsókn með styrk úr Rannsóknarsjóði KÍ. https://www.msund.is/media/2020/10/13/229c4nujuj_Ranns_knarsk_rsla_Lei_sagnarn_m_H_j_l_2020.pdf

Katrín Magnúsdóttir (2021): Umhverfisvika í MS 2021, [1vit485naq_Lokask_rsla_MS_UMS_101.pdf](https://www.msund.is/media/2021/01/13/1vit485naq_Lokask_rsla_MS_UMS_101.pdf) (msund.is)

Leifur Ingi Vilmundason (2021). Skýrsla um brotthvarf í MS skólaárið 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Markmið og aðgerðir 2020-2021. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [Menntaskólinn við Sund \(msund.is\)](https://www.msund.is)

Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran (2021). Skýrsla verkefnisstjóra með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku skólaárið 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Ytra mat á starfssemi Menntaskólans við Sund haustönn 2019. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Sótt af: https://mms.is/sites/mms.is/files/menntaskolinn_vid_sund.pdf

Ytra mat á skólastarfi í MS: Aðgerðaáætlun 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Þóra Víkingsdóttir. (2021). Starfsemi starfendarannsóknarhóps 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Þórunn Steindórsdóttir (2021). Skýrsla verkefnisstjóra um sjálfsmat skólaárið 2020-2021. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.